

## Tillaga til ályktunar

– Viðbragðsáætlun Íþróttta- og æskulýðsstarfs –

Lagt er til að ársþing KSÍ 2023 samþykki eftirfarandi ályktunartillögu;

### **Tillagan hljóðar svona:**

Ársþing KSÍ samþykki að knattspyrnuhreyfingin á Íslandi starfi eftir nýrri viðbragðsáætlun Íþróttta- og æskulýðsstarfs sem kynnt var 4. nóvember 2022.

### **Greinargerð**

Áætlunin var unnin í sameiningu af Bandalagi íslenskra skáta (BÍS), Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí), Kristilegu félagi ungra manna og kvenna (KFUM og K), Samskiptaráðgjafa íþróttta- og æskulýðsstarfs, Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Æskulýðsvettvanginum (ÆV).

Markmið viðbragðsáætlunar er að færa aðilum innan íþróttta- og æskulýðsfélaga og samtaka um allt land samræmda áætlun vegna atvika og áfalla sem upp geta komið í slíku starfi og innifelur leiðbeiningar varðandi erfið og flókin mál af ýmsum toga. Best er að viðbrögð allra íþróttta- og æskulýðsfélaga séu eins.

Í áætluninni er að finna verkferla sem fylgja skal þegar upp koma atvik eða áföll í íþróttta- og æskulýðsstarfi. Dæmi um atvik sem að viðbragðsáætlunin nær til eru slys, veikindi, náttúruhamfarir, einelti og ofbeldi. Einnig eru þar gagnlegar upplýsingar um meðal annars ferðalög, hinseginleika og fjölmenningu og inngildingu í félagsstarfi, öryggismál og skráningu atvika.

Áætlunin nær yfir alla starfsemi íþróttta- og æskulýðsfélaga á landinu, aðildarfélaga, þátttakendur, stjórnendur, yfirmenn, starfsfólk, sjálfboðaliða og aðra ábyrgðaraðila innan félaganna. Stjórn KSÍ hefur þegar samþykkt að unnið sé eftir áætluninni í starfsemi KSÍ.

**Stjórn KSÍ**